

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

**Alþingi**  
**Erindi nr. Þ 132/1549**  
**komudagur 6.4.2006**

Uppsveitum Árnassýslu 4.4.2006

**Efni: Þingsályktunartillaga um uppbyggingu héraðsvega, mál 310.**

Ferðamálafulltrúi Uppsveita Árnassýslu fagnar mjög framkominni tillögu til þingsályktunar um átak í uppbyggingu héraðsvega. Viðhald og uppbygging héraðsvega er mjög brýnt hagsmunamál fyrir íbúa og atvinnulíf í Uppsveitum Árnassýslu.

Mjög hröð uppbygging hefur orðið í ferðaþjónustu hér á svæðinu á undanförunum árum, gestum hefur fjölgað umtalsvert og umferðarpungi aukist til verulega.

Við endurskoðum stefnumótunar í ferðaþjónustu fyrir svæðið í heild sem fram fór 2003 kom í ljós að það árið fóru 415.000 gestir um Uppsveitir Árnassýslu og þeim fjölgar á hverju ári. Þegar tekið var með í reikninginn að sumir innlendu gestanna komu oftar en einu sinn hækkaði talan í 960.000 þ.e. heimsóknir á einu ári.

Á svæðinu er tæplega 5000 sumarhús sem eru nýtt allt árið um kring. Auk þessa fara árlega um Uppsveitirnar hópar frá öllum fyrirtækjum sem skipuleggja hestaferðir yfir hálandið.

Af ofantöldu má sjá að umferð um Uppsveitir Árnassýslu er gríðarlega mikil og enn vantar töluvert uppá að vegir á svæðinu séu í viðunandi ástandi til að taka við umferðinni eins og hún er í dag hvað þá þeirri aukningu sem fyrirsjáanleg er á komandi árum. Víða eru verulega slæmir vegir heim að ferðaþjónustustöðum og náttúruperlum.

Ferðaþjónusta er mjög vaxandi atvinnugrein á svæðinu og góðar samgöngur og vegir eru grundvallarforsenda þess að svo megi verða áfram. Ferðamenn gera sívaxandi gæðakröfur og gott aðgengi að ferðaþjónustustöðum og náttúruperlum er lykilatriði.

Fjölsóttir ferðamannastaðir þurfa að standa undir væntingum og aðrir minna þekktir eru ekki síður mikilvægir í þróuninni þar sem við getum með góðri dreifingu ferðamanna stækkað og eflt atvinnusvæðið, styrkt búsetu og um leið leitast við að jafna álag á auðlindina. En til þess að svo megi verða þarf sannarlega átak í uppbyggingu héraðsvega.

Virðingarfyllt



Ásborg Arnþórsdóttir

Ferðamálafulltrúi Uppsveita Árnassýslu

Aratunga, 801 Selfoss

486-8781 [asborg@ismennt.is](mailto:asborg@ismennt.is)

[www.sveitir.is](http://www.sveitir.is)